

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 20/2001**

**frá 23. febrúar 2001**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2000 frá 28. júní 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/94/EB frá 7. janúar 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/413/EB frá 15. júní 2000 um breytingu á ákvörðun 98/94/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2er (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/698/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2es. **398 D 0094:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/94/EB frá 7. janúar 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur (Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 77), eins og henni var breytt með:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 77 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 77.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 63.

- **32000 D 0413**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/413/EB frá 15. júní 2000 (Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 63).“

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 98/94/EB og 2000/413/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.